



RANGÁRÞING YTRA

Skólasvæði á Hellu fullnaðarhönnun 2. áfangi

Útboðsskilmálar

Febrúar 2022

Efnisyfirlit

1. Útboð
 - 1.1. Yfirlit
 - 1.2. Útboðsform
 - 1.3. Lauslegt yfirlit um verkefnið
 - 1.4. Útboðsform - útboðsyfirlit
 - 1.5. Upplýsingar um verkkaupa
 - 1.6. Áætlun verkkaupa varðandi hönnun og framkvæmdir
 - 1.7. Samskipti og fundir
 - 1.8. BIM kröfur verkefnisins
2. Útboðsgögn – lög, reglugerðir og staðlar
 - 2.1. Afhending útboðsgagna
 - 2.2. Útboðsgögn
 - 2.3. Skýringar á útboðsgögnum
 - 2.4. Lög, reglugerðir og staðlar
3. Tilboð
 - 3.1. Frágangur tilboðs – almennt
 - 3.2. Frágangur og mat tilboðs
 - 3.2.1. Upplýsingar um fyrirtæki, fjárhag og gæðakerfi
 - 3.2.2. Upplýsingar um lykilaðila
 - 3.3. Frágangur verðtilboðs
 - 3.4. Gildistími tilboðs
 - 3.5. Skilafrestur tilboðs
 - 3.6. Meðferð á tilboðum
4. Greiðslur
 - 4.1. Greiðslur, magntölur og reikningsskil.
 - 4.2. Verðlagsgrundvöllur
 - 4.4. Aukaverk, viðbótaverk
 - 4.5. Frestir- Tafabætur
 - 4.6. Ágreiningsmál
 - 4.7. Verklok ráðgjafa.
5. Verktilhögun verkefnis – þjónusta ráðgjafa
6. Tímaáætlun og dagsetningar

1. Útboð

1.1. Yfirlit

Sveitarfélagið Rangárþing ytra, hér eftir nefnt **verkkaupi**, er að sameina allt skólastarfið á Hellu í eina samtengda byggingu með það að markmiði að skapa öfluga umgjörð um allt skólastarfið. Árið 2021 voru unnin frumdrög verkefnisins og framkvæmdir við 1. áfanga þess eru að hefjast en það er viðbygging við elsta hluta skólans sem mun hýsa miðstig grunnskólans.

Verkkaupi óskar nú eftir verðtilboðum í verkfræðihönnun og landslagshönnun vegna fullnaðarhönnunar 2. áfanga verkefnisins, sem hér eftir er nefnt “Skólasvæði á Hellu fullnaðarhönnun 2. Áfangi”, einnig nefnt **verkefnið** í útboðsgögnum þessum.

Þeir aðilar sem skila inn tilboðum í verkefnið eru hér eftir nefndir **bjóðendur**.

Óskað er eftir tilboðum frá hönnunarhópum sem starfa saman sem heilstæður hópur af ráðgjöfum á umbeðnum fagsviðum, með verkefnastjóra og vinna saman þvert á fagsvið til að samþætta sína hönnun. Sá bjóðandi sem verkkaupi gerir hönnunarsamning við, er hér eftir nefndur **ráðgjafi**. **Ekki verður tekið við tilboðum í staka verkþætti.**

1.2. Útboðsform

Hér er um almennt opið útboð að ræða sbr. grein 3.1 þar sem hagkvæmasta tilboð verður valið frá þeim aðilum sem uppfylla lágmarkskröfur sem fram koma í grein 3.2. „Upplýsingar um fyrirtæki, fjárhag og gæðakerfi“

Bjóðendur skulu gefa verðtilboð í “ **Skólasvæði á Hellu fullnaðarhönnun 2. áfangi**” í samræmi við útboðsgögn þessi.

Á grundvelli niðurstöðutalna úr útboðinu verður hagstæðasta tilboð valið, að því tilskyldu að kröfur samkvæmt grein 3.2.1 Upplýsingar um fyrirtæki, fjárhag og gæðakerfi og lágmarkskröfur til verkefnastjóra og lykilhönnuða í grein 3.2.2 Upplýsingar um lykilaðila séu uppfylltar.

Útboðsgögn verða afhent sbr. grein 2.1 Afhending útboðsgagna og framkvæmd opunar verðtilboða verður skv. grein 3.5 Skilafrestur og opnun verðtilboða.

Áætlað er að hönnunarsamningur verði kominn á eigi síðar en fram kemur í grein 1.4 Útboðsform – útboðsyfirlit.

1.3. Lauslegt yfirlit um verkefnið

Markmið verkkaupa er að sameina allt skólastarf sveitarfélagsins sem er á Hellu í eina byggingu sem á að uppfylla kröfur sem gerðar eru til nútíma skólahúsnæðis í dag og til framtíðar með það að markmiði að skapa öfluga umgjörð um skólastarfið.

Verkkaupi hyggst nú reisa 2. áfanga af þremur í nýrri skólabyggingu ásamt endurnýjun og breytingum á innraskipulagi eldri hluta skólans. Nýbygging 2. áfanga er um 2450 m² á 2 hæðum ásamt breytingum á eldri byggingum skólans sem er 1800 m². Nýbyggingin kemur sunnan við elsta hluta skólans og tengist þar inná ganga núverandi skólabyggingar á 1. hæð. Nýbyggingin er með nýjum aðalinngangi, mat- og samkomusal, eldhúsi, sameiginlegum samverurýmum, námsverum, bókasafni, tónlistarskóla og sérgreinastofum á 1 hæð og á 2. hæð er kennarastofa og skrifstofuaðstaða skólans, kennslustofur og námsver. Gera skal ráð fyrir að hönnun taki mið af því að byggingin verði Svansvottuð.

Nýbyggingin er 2. áfangi af stækkun og breytingum á núverandi skólahúsnæði og er uppbyggingin áætluð í 3 áföngum, þar sem 3. áfanginn er bygging nýs leikskóla í samræmi

við framlögð frumdrög arkitekta af fullbyggðri skólabyggingu.

1.4. Útboðsform – útboðsyfirlit

Útboðsform

Hér er um opið útboð að ræða og er það því almennt útboð eins og lýst er í lögum nr. 65/1993 um framkvæmd útboða og lögum 120/2016 um opinber innkaup, og er útboðið auglýst á Evrópska Efnahagssvæðinu (EES).

Útboðsyfirlit

Hönnunarútboð auglýst	05.4.2022
Fyrirspurnartíma lýkur	03.5.2022
Svarfrestur rennur út	06.5.2022
Skil tilboða	10.5.2022 kl. 13:00

Tilboðum skal skila í lokuðu umslagi á skrifstofu Rangárþings ytra að Suðurlandsvegi 1-3.

Upphaf hönnunar Við töku tilboðs

1.5. Upplýsingar um verkkaupa

Verkkaupi er:

Sveitarfélagið Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1
850 Hella
Sími: 4887000
Netfang: ry@ry.is
Kennitala: 520602-3050

Verkefnisstjóri og aðaltengiliður verkkaupa er:

Tómas Haukur Tómasson
Sviðsstjóri Eigna- og framkvæmda
Sveitarfélaginu Rangárþingi ytra
Eyjasandi 9, 850 Hella
Sími: 8946655
Netfang: tomas@ry.is

1.6. Áætlun verkkaupa varðandi hönnun og framkvæmdir

Áætlað er að verkfræðihönnun fari af stað í byrjun júní 2022, aðaluppdrættir lagðir inn til byggingarfulltrúa í byrjun september 2022 og að byggingin verði boðin út í almennu útboði í lok febrúar og útboðsgögnum skilað til verkaupa 15 febrúar 2023.

1.7. Samskipti og fundir.

Ráðgjafi skal hafa náið samráð og samstarf við verkkaupa með alla hönnun svo tryggt sé að hún verði í samræmi við ætlun verkkaupans. Öll samskipti, munnleg og skrifleg (þmt. gögn/afurðir) skulu fara fram á íslensku. Engin vettvangsskoðun verður haldin en bjóðendur eru hvattir til að skoða aðstæður á væntanlegum byggingarstað.

1.8. BIM kröfur verkefnis

Lögð er áhersla á að nýta BIM aðferðarfræðina á öllum stigum verkefnisins til að auka gæði og hagræðingu þess ásamt því að lágmarka áhættu.

Á hönnunartíma skal nýta BIM aðferðarfræðina til að hámarka gæði hönnunar og tryggja að hún mæti kröfum verkkaupa og notenda sem best. BIM afurðir hönnunar skulu gefa tækifæri til hagræðingar á framkvæmdar og rekstrartíma mannvirkisins. Þegar kemur að framkvæmd skulu líkön hafa sama vægi og önnur útboðsgögn, t.d. teikningar og verklýsingar.

Verkkaupi skal hafa miðlægt aðgengi að nýjustu BIM líkönum í öllum fösum verkefnisins þar sem hægt er að setja fram ábendingar og fyrirspurnir.

2. Útboðsgögn – lög, reglugerðir og staðlar

2.1. Afhending útboðsgagna

Útboðsgögn verða afhent í tölvupósti með því að senda tölvupóst á tomas@ry.is og verða þau afhent frá og með 7. apríl.

2.2. Útboðsgögn

Til útboðsgagna vegna verkefnis þessa teljast:

Útboðsgögn þessi dags. 05.04.2022.

Frumdrög hönnunar og aðaluppdrættir fyrsta áfanga.

Tilboðsskrá.

Samningsskilmálar um hönnun og ráðgjöf, ÍST-35:2018, með þeim frávikum sem eru í þessum gögnum. Stangist ákvæði ÍST-35 á við útboðsgögn skulu ákvæði ÍST-35 vika.

2.3 Skýringar á útboðsgögnum

Óski bjóðandi eftir nánari upplýsingum eða frekari skýringum á útboðsgögnum eða verði hann var við ósamræmi í gögnunum sem haft getur áhrif á tilboðsfjárhæð, skal hann senda aðaltengilið verkkaupa sem getið er í grein 1.5 „Upplýsingar um verkkaupa“ fyrirspurn eigi síðar en þann dag sem getið er um í grein 1.4 „Útboðsform – útboðsyfirlit“. Fyrirspurnin skal merkt: „**Skólasvæði á Hellu fullnaðarhönnun 2. áfangi**“ og send með tölvupósti á netfangið tomas@ry.is.

Fyrirspurnir og samhljóða svör verða send öllum þeim sem sótt hafa útboðsgögn eigi síðar en þann dag sem getið er um í grein 1.4 Útboðsform – útboðsyfirlit. Fyrirspurnir og svör við þeim verða hluti af útboðsgögnum. Bjóðendur eru hvattir til að senda fyrirspurnir eins snemma á tilboðstíma og kostur er.

2.4. Lög, reglugerðir og staðlar

Ráðgjafi er ábyrgur fyrir að verkefnið sé unnið í samræmi við ákvæði gildandi laga, reglugerða og staðla, sem eiga við verkefni þetta og er bjóðandi er hvattur til að kynna sér ákvæði þeirra. Stangist ákvæði staðla á við útboðsgögn gilda ákvæði útboðsgagna.

3. Tilboð

3.1 Frágangur tilboðs - Almennt

Eftirfarandi skal koma fram svo unnt sé að meta tilboð bjóðanda:

Greinargóðar og nákvæmar upplýsingar um fyrirtækið sem stendur að tilboðinu, almenna reynslu þess og reynslu lykilhönnuða af sambærilegum verkefnum. Með sambærilegum verkefnum í útboðsgögnum þessum er átt við hönnun heildstæðra skólabygginga sem eru að lágmarki 3.000 m² að flatarmáli og að viðkomandi hönnuðir hafi unnið að hönnun og gerð útboðsgagna. Þær byggingar sem nefndar eru skulu hafa verið hannaðar á síðustu 3 árum, byggðar eða séu í byggingu.

Bjóðandi skal gera ítarlega grein fyrir hvernig hann ætlar að standa að stjórn verkefnisins og tryggja fagleg gæði þess.

Lögð er rík áhersla á að bjóðendur skili inn umbeðnum gögnum með tilboði sínu. Geri þeir það ekki áskilur verkkaupi sér rétt til þess að vísa tilboði frá. Tilboð skal gera í allt verkið eins og því er lýst í útboðsgögnum. Skil umbeðinna gagna skulu vera á íslensku.

Bjóðendur skulu fylla út alla liði tilboðsskrár, sem er hluti af útboðsgögnum þessum. Litið er á útfyllta liði tilboðsskrár sem ákvörðun bjóðanda um að innifela kostnað við þá í öðrum liðum, sbr. grein 2.4.4 í ÍST 30.

Bjóðendur skulu í tilboði sínu reikna með þeim magntölum, sem gefnar eru í tilboðsskrá. Einingarverð skulu vera í heilum krónum. Inn í heildartilboð skal reikna virðisaukaskatt samkvæmt reglum sem um hann gilda á hverjum tíma. Öll einingarverð í tilboðsskrá skulu vera með virðisaukaskatti.

Bjóðendur skulu skila inn tilboðum í lokuðu umslagi á skrifstofu Rangárþings ytra að Suðurlandvegi 1-3 850 Hella. Tilboðin verða opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska mánudaginn 10 maí kl.13.00.

Farið verður með allar upplýsingar frá bjóðendum sem trúnaðarmál.

3.2. Frágangur og mat tilboðs

Upplýsingum sem óskað er eftir í greinum 3.2.1. og 3.2.2. skal skila inn með tilboði í sama umslagi.

3.2.1. Upplýsingar um fyrirtæki, fjárhag og gæðakerfi.

Bjóðendur skulu skila með tilboði sínu eftirfarandi gögnum er varða fyrirtæki, fjárhag og gæðakerfi.

Tilgreina skal þann aðila (bjóðanda) sem stendur að tilboði. Bjóðendur skulu skila inn útskrift um félagið frá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra.

Tilgreina skal tengilið bjóðanda/bjóðenda vegna verkefnisins.

Tilgreina skal alla þá aðila sem standa að hönnunarteyminu, kennitölu, aðsetur, fjölda starfsmanna og hvaða hlutverk hver aðili gegnir í verkefninu. Jafnframt skal tilgreina stöðu hvers aðila þ.e. hvort þeir séu bjóðendur eða undirverktakar bjóðanda/bjóðenda. Með tilboðum skal skila samstarfssamningum milli bjóðenda, ef þeir eru fleiri en einn og samningum bjóðenda/bjóðanda við undirverktaka.

Bjóðandi/bjóðendur skulu skila árituðum ársreikningum síðustu tveggja ára sem fullnægja skilyrðum laga um ársreikninga nr. 3/2006 með síðari breytingum.

Bjóðendur skulu skila staðfestingu, ekki eldri en frá 10. febrúar 2022, frá viðkomandi yfirvöldum um að bjóðandi eða eftir atvikum bjóðendur séu ekki í vanskilum með opinber

gjöld.

Bjóðendur skulu skila staðfestingu, ekki eldri en frá 10. mars 2022, frá þeim lífeyrissjóðum, sem starfsmenn greiða til, um að bjóðandi eða eftir atvikum bjóðendur séu ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld starfsmanna.

Vottunarskírteini gæðakerfis skv. ISO 9001 og greinargerð um hvernig verkefnið er skipulagt miðað við gæðakerfi skv. ISO 9001.

Staðfestingu á að bjóðandi eða allir bjóðendur hafi gilda starfsábyrgðartryggingu.

Staðfestingu frá héraðsdómi fyrir alla bjóðendur, ekki eldri en frá 10. mars 2022, þar sem bjóðendur eiga varnarþing um að ekki hafi verið lögð fram beiðni um greiðslustöðvun, nauðasamninga eða gjaldþrotaskipti.

Með því að leggja fram tilboð samþykkja bjóðendur að verkkaupi fletti bjóðendum upp á vanskilaskrá.

Séu gögn þau sem eru talin hér að framan ekki fullnægjandi frá einhverjum af bjóðendum, að mati verkkaupa skal verkkaupi benda bjóðanda á það og gefa honum tvo virka daga til þess að bæta úr að því gefnu að slíkt hafi ekki áhrif á jafnræði bjóðenda. Hafi fullnægjandi gögn ekki borist verkkaupa að tveimur dögum liðnum er áskilinn réttur til þess að líta svo á að bjóðandi eða eftir atvikum bjóðendur hafi fallið frá tilboði sínu.

Uppfylli bjóðandi eða eftir atvikum allir bjóðendur, sem standa að hverju tilboði, ekki neðangreindar kröfur verður ekki gengið til samninga við hann/þá og tilboði hans/þeirra vísað frá.

Gerð er krafa um að eigið fé bjóðanda sé að lágmarki 30 milljónir króna og meðalvelta s.l. 2ja ára sé að lágmarki 200 milljónir kr..

Gerð er krafa um að bjóðandi/bjóðendur séu ekki í vanskilum með opinber gjöld. Bjóðandi telst í vanskilum með opinber gjöld ef hann hefur ekki greitt gjöldin á gjalddaga/eindaga.

Gerð er krafa um að bjóðandi/bjóðendur séu ekki í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld.

Bjóðandi telst í vanskilum með lífeyrissjóðsiðgjöld ef hann hefur ekki greitt gjöldin á gjalddaga/eindaga.

Athugið að bjóðandi eða eftir atvikum bjóðendur sem standa sameiginlega að tilboði þurfa að uppfylla öll ofangreind skilyrði til að teljast hæfir.

3.2.2. Upplýsingar um verkefnisstjóra teymis og lykilhönnuði

Bjóðendur skulu skila með tilboði sínu eftirfarandi gögnum er varða verkefnastjóra teymis og lykilhönnuði **Tilboðum bjóðenda sem uppfylla ekki lágmarks kröfur til neðangreindra starfsmanna teljast ógild og verður vísað frá.**

Upplýsingar um sambærileg verk sem verkefnastjóri teymis hefur komið að á síðastliðnum 10 árum sem verkefnastjóri teymisvinnu sambærilegra verka (sambærileg verk sbr. grein 3.1). Leggja skal fram starfsferilsskrá viðkomandi og tilgreina skal með skýrum hætti heiti verks, hvenær það var unnið, nafn verkkaupa og tengiliðar hans sem hafa má samband við vegna umsagnar um vinnubrögð og samstarfshæfni.

Leggja skal fram starfsferilsskrá fyrir minnst tvo lykilhönnuði í hönnun á sínu sviði. Öll starfsreynsla skal vera tilgreind á starfsferilsskrá með skýrum hætti.

3.3. Frágangur verðtilboðs (V)

Tilboð skal gera í verkið í heild eins og því er lýst í útboðsgögnum. Tilboð skal gera á meðfylgjandi tilboðsblað og tilboðskrá, sem fylla ber út eins og texti þess segir til um. Greitt verður fast verð fyrir fullnaðarhönnun skv. lýsingu á þjónustu ráðgjafa. Greitt verður fast verð fyrir verkþætti ráðgjafa á byggingartíma þ.e. áfanga framkvæmd skv. lýsingu á þjónustu verkfræðihönnuða.

Í tilboði bjóðanda skal vera innifalinn öll vinna sem þarf við að leysa verkefnið samkvæmt útboðsgögnum þessum og allur ágóði og kostnaður ráðgjafa af verkefninu svo sem; öll yfirstjórn, verkefnisstjórn, vinna fagstjóra og rýna, allur launakostnaður starfsmanna, opinber gjöld, ljósritun, útprentun teikninga í hönnunarferli, tölvuvinna, afnot af hug- og vélbúnaði, landmælingartæki, öll fundarseta hverju nafni sem nefnist, aksturskostnaður innan höfuðborgarsvæðisins sem og aksturs- og allur annar ferðakostnaður vegna viðveru á Hellu (fundir, kynningar, vettvangsskoðanir o.s.frv.), virðisaukaskattur og allt annað sem þarf við úrlausn verkefnisins og til að ljúka því á faglegan og á fullnægjandi hátt.

3.4. Gildistími tilboðs

Hver bjóðandi er bundinn af tilboði sínu í 6 vikur frá því að tilboð eru opnuð.

3.5. Skilafrestur og opnun verðtilboða

Tilboð skal skila í lokuðu umslagi eigi síðar en á þeim tíma sem getið er um í grein 1.4. Tilboð sem berast eftir tilsettan tíma verða ekki tekin til mats. Verðtilboð og fylgigögn bjóðenda verða opnuð og lesin verða upp nöfn bjóðenda að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska á þeim tíma sem getið er um í grein 1.4.

3.6. Meðferð á tilboðum

Verkkaupi áskilur sér rétt til að taka hagkvæmasta tilboði
Verkkaupi áskilur sér rétt til að hafna öllum tilboðum. Ekki er greidd þóknun fyrir gerð tilboðs og frávikstilboð eru ekki heimiluð.

4. Greiðslur

4.1. Greiðslur, magntölur og reikningsskil

Um greiðslur og reikningsskil vísast almennt til greinar 10 í ÍST 35:2018. Reikningar skulu lagðir fram einu sinni í mánuði. Þar skulu greiðsluliðir reikningsfærðir eftir framvindu verksins og skilmerkilega skal koma fram hvaða liði er verið að innheimta hverju sinni. Leggja skal fram tímaskýrslur til samþykktar verkkaupa áður en framvindureikningur er gefinn út. Með framvindureikningi skal fylgja greining á unnu virði þar sem kemur fram samanburður á framvindu á framkvæmd hönnunar/vinnslu afurða og útgreiðslu þóknunar. Verkkaupi verður eigandi allra gagna sem eru afurð vinnu sem hann hefur greitt fyrir. Ráðgjöfum er skylt að afhenda verkkaupa öll þau gögn, á því formi sem verkkaupi óskar, sem verkkaupi hefur greitt fyrir. Með hverjum reikningi skal skila yfirliti yfir greiðslustöðu hvers greiðsluliðar í tilboðsskrá. Þetta yfirlit skal sett upp í samráði við verkkaupa og við reikningagerð skal haft samráð við hann um mat á greiðsluhlutfalli til að fyrirbyggja að leiðréttingar tefji reikninga. Greiðsla á framvindureikningi innifelur ekki í sér endanlegt samþykki á uppgjöri verkiðs. Verkkaupi mun ekki taka geymslufé af reikningum fyrir verkið. Verkkaupi mun ekki inna af hendi neinar greiðslur fyrr en verksamningur hefur verið undirritaður.

Gerðir skulu sérstakir reikningar vegna aukaverka og viðbótarverka og þeim fylgi greinargerð um verkið og útreikningur þeirra magntalna sem reikningurinn byggist á.

Verkkaupi áskilur sér 30 daga greiðslufrest miðað við samþykki á reikningi nema að um annað hafi sérstaklega verið samið.

Virðisaukaskatt skal tilgreina sérstaklega á reikningum.

4.2 Verðlagsgrundvöllur

Samningur verður gerður á föstu verðlagi og því verða engar verðbætur greiddar til ráðgjafa á samningstímanum.

4.3 Fyrirframgreiðsla

Verkkaupi innir ekki af hendi fyrirframgreiðslu í þessu verki.

4.4. Aukaverk, viðbótarverk

Ráðgjafi má engin aukaverk eða viðbótarverk vinna nema samkvæmt skýlausum fyrirmælum verkkaupa. Allar yfirlýsingar um breytingar skulu vera skriflegar, svo og kröfugerð og samningar.

4.5. Frestir – Tafabætur

Ráðgjafi skal ljúka fullnaðarhönnun og gerð útboðsgagna á tilskildum tíma samkvæmt grein 1.3 Yfirlit yfir verkefnið. Dragist verklok fram yfir umsaminn skiladag skal ráðgjafi greiða verkkaupa tafabætur sem nema 0,1% af samningsfjárhæð fyrir hvern almanaksdag sem dregst að verkinu sé að fullu lokið.

Verkkaupi þarf ekki að sanna tjón sitt sem tafir kunna að valda honum. Kröfum verkkaupa vegna tafabóta má skuldajafna við ógreidda reikninga frá ráðgjafa. Telji ráðgjafi sig eiga rétt á framlengingu skilafrests þá skal hann strax skýra frá því þ.e. um leið og atvik verða sem ráðgjafi byggir kröfu sína um framlengingu skilafrests. Með kröfugerð sinni um framlengingu skilafrests skal ráðgjafi leggja fram nauðsynleg gögn er sanna réttmæti kröfu um framlengingu skilafrests.

4.6. Ágreiningsmál

Rísi ágreiningur milli verkkaupa og ráðgjafa um verk það, sem lýsing þessi fjallar um, skal honum vísað til Héraðsdóms Suðurlands.

Verði ágreiningur milli ráðgjafa og verkkaupa um skilning á útboðsgögnum skal ráðgjafi þó eigi að síður framkvæma verkið skv. fyrirmælum verkkaupa samanber grein 6.3 í ÍST 30:2012. Rísi ágreiningur um mál þetta skal honum skotið til Héraðsdóms Suðurlands.

4.7. Verklök ráðgjafa

Verklök ráðgjafa er þegar lokaúttekt 2. áfanga hefur farið fram og reyndarteikningar hafa verið lagðar inn til byggingarfulltrúa. Verkkaupi áskilur sér rétt um að afurðir vinnu hönnuða skv. útboðs- og samningsskilmálum þessum verði eign verkkaupa sem hann má nota og afhenda þriðja aðila að vild. Verkkaupi er ekki bundinn af því að semja við hönnuð um að hanna seinni áfanga verkefnisins.

5. Verktilhögun verkefnisins – Þjónusta ráðgjafa

Öll hönnun, efni og frágangur skólabyggingar skal fullnægja gildandi lögum, reglugerðum og stöðlum eftir því sem við getur átt. Þar sem íslenskum stöðlum sleppir skal eftir föngum

leita forsagnar EN/ISO/IEC staðla, þó þannig að fulls samræmis sé gætt við íslenskar forsendur

Lögð er áhersla á að byggingin verði vönduð, hagkvæm í byggingu og hagstæð í rekstri. Horft verður til líftíma byggingarinnar með það að markmiði að tryggja notagildi hennar til framtíðar og að halda rekstrarkostnaði í lágmarki. Við hönnun skal tryggja góða innivist byggingarinnar þar sem að notendur geta aðlagað rými eftir þörfum á hverjum tíma. Öll hönnun miðast við að unnt sé að svansvotta bygginguna.

6. Tímaáætlun og dagsetningar

Ráðgjafi skal skila vinnu sinni sem hér segir:

Áætlað er að verkfræðihönnun fari af stað í byrjun júní 2022, aðaluppdrættir lagðir inn til byggingarfulltrúa í byrjun september 2022 og að byggingin verði boðin út í almennu útboði í lok febrúar og útboðsgögnum skilað til verkaupa 15 febrúar 2022.

Dagsetningar þessar eru með fyrirvara um að öll tilskilin leyfi og samþykktir liggi tímanlega fyrir og ennfremur að öll gögn frá td. eining framleiðanda og þess háttar berist ráðgjafa tímanlega.